

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

9. tbl. • September 2001



## Ráðstefna Samtaka iðnaðarins um ESB og evru aðild

Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel 10. þessa mánaðar var fjölsótt. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að sjá hvaða lærdóm Íslendingar gætu dregið af reynslu og áföngum nágrannaþjóða sinna varðandi ESB og evru aðild sem og sjónarmiðum ESB og reynslu innan sambandsins í heild.

Virtir sérfræðingar komu frá Finnlandi, Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og ESB. Að auki flutti formaður Samtaka iðnaðarins erindi við opun ráðstefnunnar. Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur SI, sem sá um skipulagningu ráðstefnunnar, var fundarstjóri.

*framhald á bls. 3,4,5*

## Meðal efnis:

Samkeppni á fjármagnsmarkaði  
Ritstjórnargrein 2



Ráðstefna Samtaka iðnaðarins um ESB og evru aðild 3-5



Flest fyrirtæki undir evruna búin 6



Nám í vinnuvélstjórn 7



Þekking og stefnumörkun  
Skipaiðnaður 8

Orkumenning á Íslandi 9



Matvæladagur MNÍ 9





# Samkeppni á fjármagnsmarkaði ?

Mikil umræða hefur að vonum verið um vaxtastigið á Íslandi þar sem grunnvextir (stýrivextir) hafa

langtímum saman verið tvöfaldir og nú nærri þrefaldir á við það sem þekktist í nágrannalöndum. Hitt hefur mun minna verið rætt að íslenskar lána- stofnanir hafa notað tækifærið og aukið eigin álagningu, það er vaxtamun inn- og útlána, verulega að undanförunu.

## SAMKEPPNI OG HAGRÆÐING

Undirritaður er einn þeirra sem trúað hefur því að frelsi í fjármagnsflutningum, aukin samkeppni og hagræðing í bankakerfinu myndi skila okkur þeim árangri að vaxtamunur inn- og útlána myndi minnka og þjónusta batna. Það er vissulega brýnt þar sem vaxtamunur eða álagning íslenska bankakerfisins hefur á undanförunum árum verið allt að helmingi hærri en annars staðar á Norðurlöndum. En hvernig er þessi samkeppni?

## JÁKVÆÐ ÞRÓUN UM HRÍÐ...

Í kjölfar EES-samningsins og minnkandi útlánatapa virtist þróunin hér á landi stefna í rétta átt og vaxtamunur inn- og útlána lækkaði um nálega 1% á árunum 1995-1998 eða úr 4,5% í 3,5% á sama tíma

og vaxtamunur í Noregi, þar sem hann var næsthæstur, lækkaði úr 2,7% í 2,0%. Samkeppni lánastofnana virtist fara vaxandi með auknu frelsi.

séð fyrir þessar og aðrar viðlíka sendingar sem komið hafa úr sömu átt.



Svo einkennilegt sem það er, þá er ekki hlaupið að því að afla upplýsinga um þróun vaxtamunar hér á landi síðustu misserin. Á það reyndi nýlega þegar til stóð að bera saman þróun vaxtamunar og þóknana á Norðurlöndunum á fundi systursamtaka okkar fyrir í þessum mánuði. Leitað var til Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og Samtaka fjármálastofnana. Enginn hafði tiltækar upplýsingar um þróun vaxtamunar og þóknana síðustu árin. Ugðlaust eru þessar upplýsingar einhvers staðar tiltækar í bankakerfinu og hér með er sérstaklega beðið um að þær verði birtar opinberlega.

## ...HEFUR BREYST Í ÖFUGÞRÓUN

Þótt nákvæmar upplýsingar skorti liggur þó ljóst fyrir að lánastofnanir hafa notað tækifærið og stóraukið eigin álagningu síðustu misserin. Lítið en lýsandi dæmi um þetta er tilkynning til lántakenda Iðnlánasjóðs sáluga sem nú eru orðnir lántakendur í Íslandsbanka eftir stuttan stans í FBA. Þarna er ekki verið með neina smámunasemi heldur hækkað vaxtaálag um heilt prósentustig eða 100 punkta í einu eins og það er kallað á bankamáli. Þeir, sem svona vinna, óttast ekki samkeppni.

Hvort þetta hefur átt við alla lántakendur eða einungis hina smærri getur bankinn einn upplýst en allar líkur eru til þess að svo hafi ekki verið. Því er nefnilega þannig varið að samkeppni á fjármagnsmarkaði virðist einungis ná til stærstu fyrirtækjanna. Svo mikið er víst að stuðningur Samtaka iðnaðarins við sameiningu lánasjóða sjávarútvegs og iðnaðar hefði ekki verið jafn eindreginn og hann var ef menn hefðu

## SAMKEPPNI EINUNGIS FYRIR ÞÁ STÓRU?

Á raforkumarkaði eru það einungis stóridjufyrirtækin sem fá raforku á samkeppnisferu heimsmarkaðsverði enda ræður verðið einfaldlega staðsetningunni. Önnur fyrirtæki og heimilin í landinu neyðast til að taka við því sem að þeim er rétt frá einokunarfyrirtækjum. Svipuð staða virðist uppi á fjármagnsmarkaðinum. Það eru einungis allra stærstu fyrirtækin sem búa við einhverja raunverulega samkeppni. Hin taka því sem að þeim er rétt og eiga í æ færri hús að vanda í orðtaksins fyllstu merkingu þar sem lánastofnunum og afgreiðslustöðum þeirra fer fækkandi.

## BRASKIÐ Í BANKAKERFINU

Þrátt fyrir fækkun afgreiðslustaða er aukin framleiðni og hagræðing í bankakerfinu furðu lítil. Starfsfólki fækkar lítið þótt flestir afgreiði sig nú orðið sjálfir á netinu. Gjaldtaka í formi þóknana hækkar stöðugt. Krafan um aukna arðsemi umfram framleiðni aukningu veldur auknum vaxtamun og skortur á samkeppni veitir það svigrúm sem þarf til þess. Þessu til viðbótar eru bankarnir sjálfir og stórir hópar stjórnenda þeirra á bólakafi í alls konar braski með hlutabréf bæði í bönkunum sjálfum og í fyrirtækjum sem jafnframt eru stærstu viðskiptamenn þessara sömu banka. En hverjir fá reikninginn þegar slík viðskipti misheppnast og útlánatöpin vaxa á ný? Því er fljótsvarað. Það eru litlir og meðalstórir viðskiptamenn þessara lánastofnana.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
09. töl. September 2001  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 21.09. 2001  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

## Framhald af forsiðu



Vilmundur Jósefsson, formaður SI bauð ræðumenn og fundargesti velkomna. Hann kynnti niðurstöður nýrrar Gallup könnunar sem sýnir að fylgi Íslendinga og félagsmanna SI við

ESB aðild og upptöku evrunnar hefur aukist mikið á árinu og er í raun yfirgnæfandi. Þetta er í fullu samræmi við reynslu okkar af EES samningnum, sem hefur orðið íslensku atvinnu- og efnahagslífi mjög til góðs. ESB aðild myndi laga starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja í opinni samkeppni enn frekar og þar af leiðandi bæta lífskjör í landinu. Könnunin sýnir berlega að stefna stjórnvalda, sem hefur verið sú að ESB aðild komi ekki til greina, er á skjön við vilja meirihluta landsmanna. Sú töl, sem af því hefur hlotist, hefur þegar orðið þjóð-inni til tjóns. Það er því orðið tímabært að ríkisstjórnin leggi áherslu á ESB aðild.



Dr. Johnny Åkerholm, aðstoðar-ráðuneytisstjóri í finnska fjármálaráðuneytinu, ræddi um forsendur fyrir aðild Finna að Evrópu-sambandinu (ESB) og efnahags- og myntbandalagi Evrópu

(EMU) og reynslu þeirra af því. ESB aðild var ákveðin með það í huga að taka þátt í og hafa áhrif á pólitískar ákvarðanir sem EES samningurinn gaf ekki færi á. Það hjálpaði mikið að leiðtogar tveggja stærstu stjórnmalaflokkanna voru sameinaðir í

afstöðu sinni til þess að Finnar ættu að ganga í ESB. Samdrátturinn í Finnland í byrjun síðasta áratugar fékk Finna til að hefja kerfislegar breytingar á vinnu- og vörumörkuðum, sem styrktu stöðir athafnalífsins. ESB- og EMU aðild hafa líka hjálpað finnsku efnahagslífi mikið. Þegar EMU aðild var rædd var ljóst að Finnland yrði í jaðri EMU landanna og að nágrannalöndin voru þá ekki líkleg til að ganga í EMU. Jafnframt var mikið rætt um að viðskiptasveiflan væri önnur í Finnlandi en á EMU svæðinu í heild. Hins vegar var ljóst að evran stækkaði heima-markaðinn, útrýmdi gengisáhættu og lækkaði viðskiptakostnað. Þátttaka í EMU var einnig álitin leið að stöðugleika í gengis- og vaxtamálum. Allt þetta hefur gengið eftir og meira til. EMU aðild leiddi til aukins aðhalds í ríkisfjármálum sem hefur styrkt undirstöður efnahagslífsins og stuðlað að auknum erlendum fjárfestingum í landinu. Til marks um stöðugleikann, sem hefur fylgt EMU, er fjármálakreppa sem átti upptök í Rússlandi og gekk yfir heimsbygðina árið 1998. Þá áttu nágrannalöndin utan EMU – Noregur, Svíþjóð og Danmörk – við miklar sveiflur að etja í gengi og vöxtum sem trufluðu efnahagsstarfsemi þeirra. Vegna þátttöku Finna í EMU héldust vextir og gengi hins vegar stöðug og Finnisk fyrirtæki héldu áfram að dafna. ESB aðild hefur líka stuðlað að auknum útflutningi frá Finnlandi og að greiða götu finnskra fyrirtækja bæði innan og utan Evrópu, eiginlega um allan heim. Johnny Åkerholm telur ekki vafa á að Finnar gengju aftur í ESB í dag með þessa vitneskju í farteskinu. Þar að auki er ESB aðild orðin fullkomlega sjálf-sögð og eðlileg Finnum. Jafnvel finnskir bændur og hagsmunasamtök, sem áður voru henni mjög andvíg, eru nú orðin fylgjandi áframhaldandi veru í ESB.



Graham Bishop, ráðgjafi viðskiptalífsins í Bretlandi, benti á að evran yrði komin í umferð eftir aðeins um 100 daga. Af því að ESB er gríðarstórt viðskiptasvæði verður evran alþjóðleg mynt

eins og dollarinn. Evru skuldabréfamarkaðurinn er orðin sá stærsti í heimi og London, sem fjármálamiðstöð, með bróðurpartinn af þessum markaði. Það er ljóst að ef Bretar taka ekki upp evruna fljótlega mun það grafa undan þessum viðskiptum í London, vegna gengisáhættu þeirra sem standa utan evrusvæðisins. Þrátt fyrir þessi efnahagslegu rök er ákvörðunin um upptöku evrunnar að miklu leyti pólitískis eðlis í Bretlandi. Bretar gengu í ESB til að auka áhrif sín í Evrópu og ljóst er að utan EMU hafa þeir lítil áhrif á þróun efnahagsmála á svæðinu. Stóra spurningin núna snýst um rétta tímasetningu á inngöngu.

Skoðanakannanir sýna að breska þjóðin er ekki hrifin af slíkri breytingu en býst samt við að evran verði komin í umferð innan fárra ára. Flestir vita að það mun skada Breta ef þeir taka ekki upp evruna. Innan nokkurra ára gætu íbúar ESB svæðisins verið orðnir 500 milljónir. Þjóðin virðist því vera að bíða eftir að stjórnvöld taki af skarið. Aðalatriðið varðandi tímasetninguna er pundið sem hefur styrkst á undanfönum árum og valdið miklum viðskiptahalla. Þetta bendir til þess að gengi pundsins sé líklegt til að falla. Þegar það gerist munu stjórnvöld neyta færís og ganga í EMU og þjóðaratkvæðagreiðsla um það gæti farið fram næsta haust.





Dr. Sixten Korkman, framkvæmdastjóri á sviði efnahags- og peningamála hjá ráðherraráði ESB, sagði að spár um hagvöxt á komandi ári hafi víðast hvar verið lækkaðar mikið og með óvenjulegum

hraða. Vonir standa til að hagvöxtur í heiminum og innan ESB muni bráðlega aukast á ný. Efnahagslífið innan ESB er byggt á traustum grunni og þar ríkir jafnvægi sem ætti að tryggja uppsveiflu þegar áhrif ytri áfalla, sem dunið hafa yfir, eru horfin. Meginástæðan fyrir góðum undirstöðum efnahagslífsins er að aðildarríkin virða reglur ESB um stöðugleika. EMU, sem fyrirkomulag hagstjórnar, felur í sér sameiginlega peningastjórn sem er rekin með tilliti til heildarinnar en ekki einstakra landa. Því er nauðsynlegt fyrir aðildarríkin að taka þátt í ferli ákvarðanatöku. Evran hefur útrýmt gengi óstöðugleika gengis á Evru svæðinu sem öll Evrópa nýtur góðs af. Evrópska seðlabankanum (ECB) hefur tekist að vinna sér traust á skömmum tíma. EMU hefur einnig tryggt að hin samstýrðu ríkisfjármál vinna ekki gegn sameiginlegri peningastjórn ECB. Þetta er hluti af Sáttmálanum um stöðugleika og hagvöxt (SSH) sem hefur tryggt skynsamlega efnahagsstjórn og jákvæða efnahagsframvindu. Peningastjórn ECB, hversu viturleg sem hún er, getur ekki alltaf verið rétt frá sjónarhorni einstakra ríkja. Vandamál, sem koma upp, þarf að leysa með efnahagsstjórninni heima fyrir og aðlögun aðila markaðarins. Þannig eru lausnir á sviði ESB í samræmi við efnahagsstjórn einstakra landa. Auk sameigin-

legrar myntar fæst ESB við tvö krefjandi viðfangsefni. Annars vegar er stækkunarferlið sem mun auka landfræðilegt flatarmál, mannfjölda, efnahagsumsvif og fjölda landa innan ESB. Það mun einnig auka fjölbreytni og margbreytileika sambandsins. Hitt ferlið er að ná fram stofnanalegum umbótum á eðli og gerð ESB kerfisins til að styrkja ábyrgð þess, lögmæti og hagkvæmni. Þessu ferli verður lokið á millríkjaráðstefnunni (IGC) árið 2004 og niðurstaða þess mun varða öll ríki sem nú eru að semja um inngöngu í ESB og önnur í þeim hugleiðingum. Reynslan af ESB og EMU styður þá skoðun að það sé vel ígrundað fyrirkomulag sem hefur tekist vel. Þessi jákvæða niðurstaða er ekki bara rétt fyrir ESB í heild, heldur líka fyrir einstök aðildarlönd þ.á.m. Finnland. Finnar bera nú mun meira traust til efnahagsframvinnunnar til langs tíma lítið, þjóðarímyndar sinnar og landfræðilegrar stöðu heldur en þeir gerðu fyrir inngöngu í ESB.



Dr. Arne Jon Isachsen, prófessor við Norska viðskiptaháskólann ræddi um að flæði fjármagns geti ýtt gengi gjaldmiðils fjarri því vöruverði sem þarf til að jafnvægi náist í erlendum viðskiptum. Þær miklu sveiflur, sem geta orðið á alþjóðamörkuðum, eru erfiðastar þjóðum eins og Íslendingum sem eiga mikið undir alþjóðaviðskiptum. Þá geta slæmar fréttir um gang mála á Íslandi, eins og gerðist vorið 2000 þegar væntingar um útflutningstekjur árið 2001 versnuðu, leitt til þess að krónan lækki hratt í verði. Með frjálsa vörverslun

og fjárstreymi milli landa er þetta óhagræði það verð sem Íslendingar greiða fyrir að hafa eigin mynt. Norðmönnum hefur tekist að halda krónunni sinni stöðugri í langan tíma vegna mikilla útflutningstekna af olíuauðnum. Arne Jon sagði að ef peningastjórnin er léleg, getur það eyðilaggt grundvöll framléiðslunnar í hagkerfinu. Nú stendur valið milli verðbólgu markmiðs, myntráðs eða upptöku evrunnar. Myntráð í nokkrum löndum hafa gengið misvel og það er ekki fullkomin lausn fyrir fullveðja ríki. Með verðbólgu markmiði er hætt við að gengið verði mjög óstöðugt. Að auki getur það leitt til langvarandi hásvaxtstígs. Ennfremur krefst verðbólgu markmið mikillar þekkingar og hæfni til að Seðlabankinn inni starf sitt vel af hendi.

Þá spurði Dr. Arne hvort uppfæra þyrfti þekkingu og hæfni yfirlýðinganna bankans eftir slíka breytingu.

Yrði evran Íslendingum til góðs? Þjóðin þyrfti að byrja að hugsa um það. Með evru verða gengi og vextir gefin og ekki lengur stjórn tæki Seðlabankans. Í slíku umhverfi þarf að nota önnur stjórntæki til að fyrirtæki haldist samkeppnishæf, þar á meðal sveigjanleika á vinnumarkaði og skynsemi í ríkisfjármálum. Stór hluti af forsendum fyrir evrunni er að ná fram rekstrarfræðilegri hagkvæmni í hagkerfinu. Verðsam- anburður verður gegnsærri. Hinn sameiginlegi markaður virkar betur og upplýsingaflæði tengt peningum (sem bókhaldseiningu, gjaldmiðli og verðmæta- geymslu) batnar til muna.





Vilmundur Jónsson afhendir Sixten Korkman evruköku



Dr. Ulf Jacobsson, forstöðumaður efnahagsstofnunar iðnaðarins í Svíþjóð, sagði að peningastjórn Svía hefði verið fólgin í verðbólguþröng og sjálfstæðum seðlabanka frá 1992. Miklar kerfislegar breytingar

hafa átt sér stað síðan þá og nú eru Svíar aðilar að ESB. Þetta hefur haft mjög jákvæð áhrif á sænskt efnahagslíf. ESB aðild hefur aukið samkeppni og verðlagið er orðið stöðugra. Hvað peningastjórnina varðar hefur þróunin nýlega snúist á verri veg og gengi sænsku krónunnar lækkað. Viðsjárverðir tímar, eins og nú virðast vera framundan, munu reyna meira á þessa stefnu. Hin hagfellda þróun minnkaði áhuga á EMU umræðu í Svíþjóð en samt er ljóst að mörg rök hníga að upptöku evrunnar. Til dæmis er ljóst að hún mun auka hagkvæmni og lækka viðskiptakostnað. Rökin um að evran henti bara ríkjum með samhverfa viðskiptasveiflu hafa reynst röng. Núverandi leiðtogar eru fylgjandi upptöku evrunnar en allt veltur á vilja kjósenda sem hafa verið að snúast til fylgis við þessa ákvörðun. Göran Persson, forsætisráðherra, býst við að Svíþjóð muni ganga í EMU fyrir 2005.

Þjóðaratkvæðagreiðsla mun líklega fara fram árið 2003 í kringum næstu alþingiskosningar. Svíar voru ekki mjög hrifnir af ESB en aðild hefur nú fest rætur og þykir sjálfsgöð. Þess vegna er nú ekki eins óeðlilegt að ganga í EMU og það var kannski áður. Því eru miklar líkur á að Svíþjóð verði orðinn aðili að EMU áður en langt um líður.



Að loknum flutningi erinda svöruðu ræðumenn spurningum ráðstefnugesta. Þeir létu vel af erindunum og svörum ræðumanna og var samdóma álit þeirra að ráðstefnan hefði verið afar fróðleg og tekist í alla stadi mjög vel. Var það von

margra að ráðstefnan myndi ýta undir upplýsta umræðu um ESB og evru aðild á Íslandi. Fjölmiðlar gerðu ráðstefnunni ágæt skil.



Leitað eftir erindum – Call for Papers –



## NORDNET 2002 – “No Battle’s won in Bed”

Alþjóðleg ráðstefna um verkefnastjórnun í Reykjavík 25.-27. september 2002

Verkefnastjórnunarfélag Íslands (VSF) stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um verkefnastjórnun í september árið 2002. Yfirskrift ráðstefnunnar “No Battle’s won in Bed” er fengin úr Hávamálum og verður á ráðstefnunni fjallað um breyttar áherslur og áhrifavalda í umhverfi okkar og áhrif þeirra á verkefnastjórnun nútímans.

Meginmarkmið ráðstefnunnar eru að kynna innlendar og erlendar nýjungar á sviði verkefnastjórnunar, að skapa vettvang sem stuðlar að faglegri umræðu og skoðanaskiptum, að auka þekkingu stjórnenda á nýjum aðferðum, verkfærum, rannsóknaniðurstöðum o.s.frv. að efla umræðu í atvinnulífinu um nýjungar og þróun í verkefnastjórnun og að hvetja stjórnendur til að fylgjast með og tileinka sér nýjungar og nýta sér reynslu annarra.

Helstu efnisþættir ráðstefnunnar eru:

- **Verkefni og sýndarveruleiki:** Sú byltingarkennda þróun sem orðið hefur í upplýsingatækni og fjarskiptatækni og áhrif hennar á stjórnun verkefna.
- **Hátækni- og rannsóknaverkefni:** Vaxandi áhersla á hátækni- og rannsóknaverkefni og nýjungar við stjórnun þeirra.

- **Nýtt gildismat:** Breyttar áherslur í gildismati og auknar kröfur í lögum og reglugerðum ásamt vaxandi áhrifum ýmissa þrýstihópa.
- **Samruni og einkavæðing:** Hið vandasama ferli við samruna fyrirtækja og einkavæðingu, lagaleg, menningarleg og samfélagsleg áhrif þeirra.
- **Fjármögnun verkefna:** M.a. áhættu- stýring, samskipti og upplýsingastreymi til fjárfesta.

VSF er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi og er m.a. aðili að IPMA sem eru alþjóðleg samtök verkefnastjórnunarfélaga og einnig NORDNET, samtökum verkefnastjórnunarfélaga á Norðurlöndum. Félögin á Norðurlöndum skiptast á að halda árlega ráðstefnu til að kynna nýjungar í verkefnastjórnun og skapa vettvang fyrir faglega umræðu og skoðanaskipti.

Allar frekari upplýsingar um efnisþætti ráðstefnunnar, framsetningu erinda, skiladaga, umsóknareyðublað og fleira er að finna á heimasíðunni [www.vsf.is/nordnet2002](http://www.vsf.is/nordnet2002). Ráðstefnan fer fram á ensku.

Vinsamlegast sendið útdrætti úr erindum með tölvupósti eigi síðar en 1. janúar 2002 til: [nordnet2002@vsf.is](mailto:nordnet2002@vsf.is)

## Flest fyrirtæki undir evruna búin



Samtök atvinnulífsins í Evrópu greindu í gær frá niðurstöðum könnunar á undirbúningi fyrirtækja fyrir gildistöku evrunnar í ársbyrjun 2002. Samkvæmt fréttatilkyningu UNICE eru fyrirtæki almennt betur undirbúin en oft er látið í veðri vaka.

Á ráðstefnu í Brussel sagði, Daniela Israelachwili, starfandi framkvæmdastjóri UNICE, að „flest fyrirtæki myndu standa þær lagalegu kröfur sem gerðar yrðu til þeirra í þessum efnunum í janúar 2002.“

Í könnuninni kom fram að það séu einkum lítil fyrirtæki, ekki síst í smásölu, sem muni hugsanlega finn fyrir einhverjum erfiðleikum. Daniela sagði jafnframt að helsta verkefni stjórnvalda í aðildarríkjum myntbandalagsins fram að gildistöku evrunnar vera að dreifa upplýsingum á markvissari hátt til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Hún lagði jafnframt áherslu á að efla þurfi kynningastarfið til að ná til þeirra sem minnst eru upplýstir þótt mikið framboð sé á upplýsingum til þeirra sem bera sig eftir þeim. Þá minnti hún á mikilvægi fjölmiðla í þessu samhengi.

## Athugasemd til fataframleiðenda

Guðjón Jónsson frá fatahreinuninni Hraða hringdi á skrifstofu SI vegna greinar í síðasta tölublaði Íslensks iðnaðar um stefnumótun í tísku- og fataiðnaði. Hann vildi góðfúslega koma því á framfæri við íslenska fatahönnuði og framleiðendur að þeir huguðu sem best að merkingu fata með tilliti til hreinsunar og meðhöndlunar þeirra. Hann sagði það vera stórt vandamál hjá fatahreinunum þegar slíkt vantaði. Hann tók það reyndar skýrt fram að íslenskir fataframleiðendur stæðu sig ekki verr en aðrir í þessu en í ljósi metnaðarfullrar framtíðarsýnar væru merkingar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sjálfsögð krafa sem menn þyrftu að uppfylla. Við hjá SI tökum að sjálfsögðu undir það með Guðjóni og þökkum honum ábendinguna sem hér með er komið á framfæri.

*Davíð Láðvíksson*



## Kennslan út til fyrirtækjanna

Í Danmörku er talið að eftir- og símenntun verði í ríkara mæli sniðin að þörfum fyrirtækjanna og þar muni kennslan muni eiga sér staðar.

Þetta er niðurstaða Dansk industri, systursamtaka Samtaka iðnaðarins. Christine Bernt Henriksen, ráðgjafi um menntamál hjá Dansk industri, telur að stjórnvöld geri sér æ betur grein fyrir mikilvægi menntunar fyrir þróun atvinnulífsins. Í Danmörku stendur yfir endurnýjun á símenntakerfinu þar í landi og

tekur það bæði til starfs-menntakerfisins (AMU) og fullorðinsfræðslunnar (FVU). Dansk industri hefur óskað eftir því að nýtt skipulag eftir- og símenntunar verði markaðssett sérstaklega gagnvart fyrirtækjum svo að nýja skipulagið megi betur uppfylla óskir þeirra.

„Forsenda þess að nýtt skipulag endurmenntunar heppnist,“ segir Christine Bernt Henriksen, „er að kostir þess séu markvisst kynntir stjórnendum, m.a. möguleikinn á því að kennslan geti átt sér stað í sjálfum fyrirtækjunum.“

# Nám í vinnuvélstjórn

Undirritaður hefur verið samningur milli starfsgreinaráðs bygginga- og mannvirkjagreina og menntamálaráðuneytisins um gerð skýrslu um greiningu og stefnumótun er varðar störf og menntunarfærir vinnuvélstjóra.

Klúbbur jarðvinnuverktaka (nú Félag jarðvinnuverktaka) hefur, frá því hann hóf starfsemi innan Samtaka iðnaðarins, lagt áherslu á að komið yrði á námsbraut á framhaldsskólastigi um menntun vinnuvélstjóra eða vélamanna. Samtök iðnaðarins hafa beitt sér í málinu gagnvart menntamálaráðuneytinu og notið til þess stuðnings Menntafélags byggingariðnaðarins og starfsgreinaráðs bygginga- og mannvirkjagreina.

Fyrir skömmu var undirritaður samningur milli starfsgreinaráðs bygginga- og mannvirkjagreina og menntamálaráðuneytisins um gerð skýrslu um greiningu og

stefnumótun er varðar störf og menntunarfærir vinnuvélstjóra. Starfsgreinaráðið felur Menntafélagi byggingariðnaðarins að vinna skýrsluna. Hún felur m.a. eftirfarandi í sér:

1. Öflun upplýsinga um fjölda vinnuvélstjóra og fjölda fyrirtækja í vinnuvélstjórn.
2. Öflun upplýsinga um stöðu og horfur í mannvirkjagerð og jarðvegsframkvæmdum.
3. Lýsingu á störfum og vinnuumhverfi vinnuvélstjóra.
4. Lýsingu á kröfum sem störf vinnuvélstjóra gera til þekkingar þeirra og hæfni.
5. Lýsingu á því námi sem þegar er kostur á í starfsgreininni hér á landi.
6. Tillögur um umfang og skipulag starfnáms fyrir vinnuvélstjóra á framhaldsskólastigi með hliðsjón af framangreindu.



Þessu verkefni skal lokið fyrir áramót. Í kjölfarið verður síðan samið við ráðuneytið um námskrágerð í vinnuvélstjórn. Líklegt er að kennsla á nýrri námsbraut vélamanna hefjist í ársbyrjun 2003 eða haustið eftir.

*Ingi Bogi Bogason*

## Málmsuðunám í samræmi við evrópskar kröfur



Nýlega var gengið frá tillögum að nýrri námskrá fyrir málmsuðu sem byggist á kröfum Evrópsku málmsuðusamtakanna - EWF. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem iðngrein hér á landi miðar nám sitt með þessum hætti við alþjóðlegar kröfur í faginu. Búið er við að menntamálaráðuneytið staðfesti þessa nýju námskrá á næstu dögum.

Gert er ráð fyrir að nýja málmsuðubrautin verði í allt fjögurra anna nám, 75 námseiningar og þar af eru 66 verklegt nám. Að því loknu taka nemendur hæfnispróf og fá þá bæði sveinspróf sem málmsuðumenn og evrópskt hæfniskírteini sem, með auknu samstarfi við alþjóðasamtök á

sviði málmsuðu, veitir starfsréttindi um víða veröld.

Um miðjan september sl. undirritaði Fræðsluráð málmiðnaðarins samning við sænsku fræðslustofnunina Lernia AB um rétt til að þýða fræðsluefni frá stofnuninni um þetta námsferli sem er í samræmi við kröfur Evrópsku málmsuðusamtakanna. Í þessu kennsluefni eru suðuferlar (110 stk.) fyrir allar verklegar æfingar og próf, allt fagbóklegt efni til kennslu í pinnasuðu, MIG/MAG-, TIG- og logsuðu auk verkefna.

Meðfylgjandi mynd er tekin þegar samningur var undirritaður um kaup á námsefninu á málmsuðusýningunni Schwessen & Schneiden í Essen. Einar



Þorgeirsson, fulltrúi Fræðsluráðs málmiðnaðarins er til vinstri en Ulf Bergström fulltrúi Lernia AB til hægri.

*Ingólfur Sverrisson*

# Pekking og stefnumörkun

eru lykilatriði samstarfsverkefnis sem miðar að því að íslenskur skipaiðnaður búi við hliðstæð starfsskilyrði og erlendir keppinautar

Eins og kunnugt er hefur íslenskur skipaiðnaður átt undir högg að sækja síðustu ár. Eitt af því, sem hefur vakið athygli alþjóðar, er að jafnvel skipaiðnaðarverkefni á vegum ríkisins hafa verið flutt úr landi í ríkið mæli án þess að séð verði að nokkuð hafi verið gert til að halda þeim innanlands.

Bent hefur verið á að meðal samkeppisþjóða er, ólíkt því sem hér tíðkast, leitað allra leiða til að halda slíkum verkefnum í viðkomandi landi. Er þá gjarnan gengið eins langt og unnt er án þess að brjóta gerða milliríkjasamninga. Þetta er talinn sjálf-sagður liður í atvinnustefnu landanna sem nýtist síðan til enn frekari uppbyggingar í alþjóðlegri samkeppni.

Margir hér á landi telja slíkt ekki við hæfi og ástunda hreintrúarstefnu sem miðar við það eitt að halda sér fast við bókstafinn og víkja ekki frá honum. Þegar bent er á að slíkur trúarhiti þjái ekki keppinauta okkar er sagt að menn fari með fleipur. Ekki spillir að væntanlegar ferðir til útlanda freista og gera mönnum jafnvel erfitt fyrir að sjá gallana sem þessu eru samfara. Við bætist barnslegt traust á fullyrðingar um að skipasmíðjur í fjarlægum löndum séu þess albúnar að uppfylla gæðakröfur sem reynast svo vera þeim framandi. Niðurstöðurnar eru svo alkunnar: 50 til 60 milljónir hafa farið í að lagfæra nýja hafrannsóknaskipið, Kínaskipin smáu standast engan samanburð við skip smíðuð hér, fá auk þess haf-færi með miklum þrautum og afhending skipanna í engu samræmi við samninga.

## EKKI ALVONT

Atburðarás síðustu mánaða hefur þó orðið að því leyti til góðs

að íslenskum stjórnvöldum er orðið ljóst að ekki er allt með felldu. Ábendingar um að íslenskur skipaiðnaður búi við lakari aðstöðu en keppinautar eigi trúlega við einhver rök að styðjast. Við bætist að tilteknir samlandar leggja hart að sér að finna langsótt og oft á tíðum fáheyrð rök fyrir því að koma verkefnum til útlanda. Metnaður og áhugi á að gera allt til að halda verkum innanlands er því miður ekki fyrir hendi hjá þessu fólki. Þar gilda einhver önnur lögmál.

Hver er þá hin meinta mismunun og hverjar eru hinar raunverulegu aðferðir sem beitt er í nágrannalöndunum til að bæta samkeppnisstöðu skipaiðnaðarins og hvað skilur á milli þeirra og aðstöðunnar hér á landi? Þetta eru spurningar sem ástæða er til að fá staðfest svör við áður en lengra er haldið.

## SAMSTARFSVERKEFNI

Nú hafa iðnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins og Málmur (samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði) ákveðið að efna til samstarfsverkefnis sem hefur það að markmiði að tryggja að íslenskur skipaiðnaður búi við hliðstæð samkeppnisskilyrði og erlendir keppinautar.

Forsendur þessa eru **pekking** á raunverulegum starfsskilyrðum skipaiðnaðarins meðal samkeppnisþjóðanna og vitneskja um starfsaðferðir þeirra til að treysta samkeppnis- og markaðsstöðu sína. Í annan stað er nauðsynlegt að **móta stefnu** stjórnvalda og hagsmunaaðila um þróun greinarinnar og skilgreina þau úrlausnar-efni sem vinna þarf að.

## YFIRSÝN - TILLÖGUR

Fyrsta viðfangsefnið verður að fá yfirsýn yfir þau úrræði sem beitt er í nágrannalöndum okkar til að bæta samkeppnisstöðu þarlandra fyrirtækja þar í greininni. Jafnframt verður að skoða hvaða aðferðum er þar beitt til að halda verkum innanlands m.a. með hliðsjón af starfsaðferðum við meðferð útboða á vegum hins opinbera. Afla þarf upplýsinga um hvaða styrkir og önnur aðstoð stendur til boða, hvaða fyrirgreiðsla er boðin varðandi fjármögnun verksamninga og hvernig sam-

starfi stjórnvalda og skipaiðnaðar í viðkomandi landi er háttað.

Síðan verða þessar upplýsingar teknar saman í aðgengilegt form og þær bornar saman við starfsaðstæður íslensks skipaiðnaðar. Jafnframt verða þeir möguleikar skilgreindir sem gefast ef sömu eða svipuðum aðferðum er beitt og fram kemur meðal samkeppnisþjóða okkar.

Að þessu loknu verða mótaðar tillögur um stefnu stjórnvalda í málefnum skipaiðnaðarins sem vonandi leiða til þess að meintur mismunur á samkeppnisstöðunni verði leiðréttur.

Samstarfsverkefnið lýtur stjórn fulltrúa iðnaðarráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins. Þeir munu ganga frá ráðningu starfsmanns sem annast framkvæmd þess.

Ástæða er til að fagna áhuga iðnaðarráðuneytisins á máli þessu og stuðningi sem fram kemur í þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ráðast með Samtökunum í ofangreint verkefni.

Ingólfur Sverrisson

## Námskeið í gæðastjórnun

Ýmis námskeið til eflingar og stuðnings þeim fyrirtækjum sem eru að vinna að eða íhuga að taka upp gæðastjórnun verða haldin í haust.

Námskeiðin verða af ýmsum toga, svo sem stefnumörkun, tilbóðs- og samningsgerð, skipulagning, kostnaðarútreikningar, gæðaeftirlit og fleira er varða daglegan rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Námskeiðin verða haldin á þriðjudögum og er hvert námskeið sjálfstætt og tekur um þrjú tíma. Þau fyrirtæki, sem nú þegar eru í samstarfi við SI í gæðastjórnunarverkefnum, geta sent einn starfsmann á námskeiðin án endurgjalds en fyrir aðra kostar hvert þriggja tíma námskeið 5.000 krónur. Námskeiðunum er atlað að leiðbeina viðkomandi í að byggja upp markviss vinnubrögð til að koma í veg fyrir mistök síðar í framleiðslu- eða þjónustuferlinum. Lögð er áhersla á að fyrirtækin búi sig undir auknar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við val á verktökum og undirverktökum til framkvæmdar stærri verka. Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á vef SI, [www.si.is/brunnur/index.html](http://www.si.is/brunnur/index.html) eða í síma 511-5555.

Ferdinand Hansen



# Orkumenning á Íslandi

## ráðstefna fyrir alla

Orkuþing 2001 verður haldið 11. til 13. október nk. á Grand Hótel í Reykjavík. Þar verður fjallað um flesta þætti orku-mála, stöðu þeirra, rannsóknir og framtíðarsýn.

Margar tillögur að erindum bárust og er gert ráð fyrir fjórum samsíða fundum mestallan tímam. Einnig verða veggspjaldasýningar og er gert ráð fyrir að þeir, sem að þeim standa, verði á staðnum á tilteknum tímum. Allir fyrirlestrar og veggspjöld verða birt í ráðstefnuriti sem dreift verður á ráðstefnunni.

Búið er að panta 70 hótélherbergi á Grand Hótel fyrir þá sem koma utan af landi. Eins manns herbergi kostar 6.900 krónur á dag og tveggja manna 8.300 krónur á dag. Einnig hafa verið tekið frá nokkur herbergi um helgina fyrir þá sem vilja lengja dvölinu. Þeir, sem vilja tryggja

sér herbergi, eiga að tala við Jóhann á Grand Hótel í síma 568-9057.

Orkuþing hafa áður verið haldin árin 1981 og 1991. Fjölmargir aðilar, sem tengjast orkumálum, standa að þinginu og Samorka, sem eru samtök orkufyrirtækja, mun sjá um framkvæmdina. Undirbúningsnefnd vinnur að því að skipuleggja þingið.

Orkuþingið ber yfirskriftina Orkumenning á Íslandi - grunnur til stefnumótunar en með því er vísað til þess að góð umgengi og nýting á orkulindum okkar sé orkumenning og verði höfð að leiðarljósi við stefnumótun orkumála framtíðarinnar. Á þinginu verður fjallað um sem flesta þætti orkumála. Einnig verður skipulögð dagskrá fyrir almenning til að kynna tengsl orku og daglegs lífs.

Um fjöllumarefni Orkuþings eru m.a.: Staða og framtíð orkumála, orkurann-



sóknir og orka á Íslandi, orkunýting og náttúruvernd, nýjar orkulindir, nýr nýtingarmöguleikar, ný orkutækni, markaðsvæðing orkugeirans, fjármögnun orkuframkvæmda, Áhrif náttúruhamfara á veitumannvirki, orkumenning, orkunotkun og orkusparnaður.

Hluti ráðstefunnar verður skipulagður fyrir almenning og nemendur skóla fengnir til að taka þátt í umræðufundum um orkumál, ljósmyndasamkeppni og sýningum er tengjast orkunotkun og bættari orkumenningu. Samkeppni verður um orkumannvirki sem fellur best að umhverfinu.

## Matvæladagur MNÍ

19. október 2001

Matur - hollusta – pólitík

Matvæladagur MNÍ verður haldinn föstudaginn 19. október nk. Yfirskrift dagsins að þessu sinni er Matur-hollusta-pólitík og munu innlendir og erlendir sérfræðingar ræða þróun matvöruverðs og hvaða leiðir eru stjórnvöldum færar til að hafa áhrif á verðmyndum.

Greint verður frá stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í manneldismálum og ennfremur mun Aileen Robertson frá Evrópuskrifstofu WHO (World Health Organisation) gera grein fyrir stefnu WHO í manneldismálum.

Að vanda verða veitt verðlaun, Fjöregg MNÍ, fyrir lofsvert framtak á matvæla-sviði. Matvælaframleiðendur eru eindregið hvattir til að koma á framfæri því sem þeir telja sig eða aðra hafa gert vel á síðastliðnum árum.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Staður: Grand Hótel Reykjavík

Tími: 13:00-17:00

Dagskrá:

13.00-13:10	Setning. Heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson.
13:10-13:40	Þróun matvöruverðs; Ábrif stjórnvalda á verðmyndun matvöru. Guðmundur Ólafsson hagfræðingur.
13:40-14:10	Hátt grænmetisverð; Hvað er til ráða? Gunnlangur Stefánsson, Samkeppnisstofnun.
14:10-14:40	Ábrif lífstíls á neyslu matvara; Könnun Gallup's á matarvenjum Íslendinga árið 2001. Dorlákur Karlsson Gallup.
14:40-15:10	Kaffi.
15:10-15:30	Afþending Fjöreggs MNÍ.
15:30-16:00	Er raunhæft að borða 5 sinnum á dag; Stefnumótun íslenskra stjórnvalda í manneldismálum. Laufey Steingrimsdóttir, Manneldisráði.
16:00-16:40	Stefna WHO í manneldismálum; Aileen Robertson, Evrópuskrifstofu WHO.
16:40-17:00	Umræður og ráðstefnuslút.

## PRENTMET sótt heim

### „Nýr valkostur á prentmarkaði“

Prentmet ehf. var stofnað fyrir tæpum tíu árum af hjónunum Guðmundi Ragnari Guðmundssyni og Ingibjörgu Steinunni Ingjaldsdóttur. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og lifað öra tækniþróun í prentiðnaðinum.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Prentmets, segir að í fyrstu hafi aðeins tveir starfsmenn starfað hjá fyrirtækinu en þeim fjölgaði jafnt og þétt eftir því sem umfang jókst. „Stefna Prentmets hefur verið einföld,“ segir Guðmundur Ragnar. „Ávallt hefur verið haft að leiðarljósi í rekstrinum að veita hraða og persónulega þjónustu og standa við gefin loforð. Í fyrstu snerist reksturinn um forvinnslu í prentiðnaðinum, filmuvinnslu, prentformagerð, umbrot og litgreiningu en árið 1996 festi Prentmet kaup á fyrstu prentvélinni. Hún var af Roland gerð eins og flestar vélar fyrirtækisins eru nú. Önnur prentvél kom í reksturinn árið 1997 og sú þriðja 1998. Má segja að nýr grundvöllur hafi þá skapast í samkeppni á prentmarkaðinum. Nú er talið að Prentmet sé næststærsta prentfyrirtækið á eftir Odda samsteypunni.“

Árið 1996 keypti Prentmet rekstur GÓ prents og varð fyrirtækið þá alhliða prent-

smiðja. Árið 2000 festi Prentmet kaup á Prentverki Akraness og rekur það enn sem sér einingu. Einnig keypti fyrirtækið prentsmiðjuna Prentberg og Fjölritunarstofu Daníels Halldórssonar. Nú er Prentmet í um 1300 m<sup>2</sup> eigin húsnæði að Skeifunni 6 í Reykjavík.

Árið 2000 tók Prentmet að hasla sér völl á stafræna markaðnum. Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar hefur yfir að ráða DocuTech, stafrænni prentvél, sem prentar í einum lit. Hún býður fjölbreytta möguleika í prentvinnslu á skýrslum, bæklingum og handbókum ýmiss konar.

#### STYRKUR PRENTMETS

Spurður um styrk Prentmets segir Guðmundur Ragnar að þróun í prentiðnaði kalli á sífellda endursköpun á fjárfestingarþörf fyrirtækja. Góð nýting mannafla og efnis eru grunnatriði þess að rekstur prentfyrirtækis geti gengið sem skyldi. Síðustu



Menntamálaráðherra við kynningu nýju prentvélarinnar

12 mánuði hefur Prentmet fjárfest í tveimur fullkomnum prentvélum: Roland 305 og Roland 704. Sú fyrrnefnda er fimm líta prentvél, fullkomnasta vél í sínum stærðarflokki. Hún prentar fimm líti í einni og sömu umferðinni og getur snúið prentörkinni á leið sinni í gegnum vélina. Hún er búin þurrkbúnaði sem stytir verulega framleiðslutíma prentgripsins eftir að prentun hefur farið fram. Sú seinni er flaggskipið í flotanum. Hún er með stærsta prentformati sem þekktist í arkavélum hér á landi. Prentvélin prentar á arkir allt að 740x1040mm, fjóra líti annars vegar í einni umferð eða tvo líti beggja vegna í sömu umferð í gegnum vélina. „Með kaupunum á Roland 704 vélinni er kominn nýr valkostur á prentmarkaðnum þar sem allar vélar í viðlíka stærðarformati eru í eigu Odda samsteypunnar,“ segir Guðmundur Ragnar.

#### GÓÐUR VINNUSTAÐUR

Starfsmenn Prentmets eru 42 talsins, „þróttmikið og reynsluríkt starfsfólk sem allt hefur metnað til góðra verka,“ segir Guðmundur Ragnar. „Forráðamenn fyrirtækisins hafa ávallt litið á mannaúðinn sem mesta fjársjóð fyrirtækisins og lagt mikið upp úr því að gera vel við starfsfólk sitt. Á undanföllum árum hefur fyrirtækið haldið öllu sínu starfsfólki og aukið jafnt og þétt við mannaflann.“

„Stefna fyrirtækisins er óbreytt þrátt fyrir breytta stöðu þess á markaðnum,“ segir Guðmundur Ragnar að lokum. „Hraði, gæði og persónuleg þjónusta er það sem viðskiptavinir Prentmets ganga að vísu og meginmarkmiðið er að standa við gefin loforð.“

Haraldur Dean Nelson

Haraldur Dean Nelson

**OFFSET**  
NÝ LEIÐ TIL AÐ VINNA

## Nýtt fyrirtæki í prentþjónustu

Ákveðið hefur verið að Offsetþjónustan og ljósritunardeildir prentsmiðjanna Odda og Gutenberg verði sameinaðar undir nafninu Offset. Starfsemi Offset er þegar hafin í Faxafeni 8 en formleg opnun hins sameinaða fyrirtækis var 7. september sl.

Í fréttatilkynningu um samrunann segir að ljósritunardeildir Odda og Gutenberg hafi verið leiðandi í ljósritun og stafrænni prentun í fjöldamörg ár. Þar segir einnig að Offsetþjónustan hafi fyrst fyrirtækja boðið stafræna prentun í lit. Við samein-

inguna verði því til öflugt fyrirtæki með mikla reynslu og afkastagetu á þessu sviði. Fyrirtækið hafi meðal annars yfir að ráða stærstu og afkastamestu ljósritunarást landsins.

Að lokum segir að vaxandi kröfur um völdtaka stafræna prentþjónustu hafi gert það að verkum að ljósritunardeildir í prentsmiðjum hafi reynt of litlar til að geta mætt óskum um alhliða þjónustu á þessu sviði. Með sameiningunni í Offset verði hins vegar hægt að bjóða fjölbreyttar stafrænar prentlausnir.

# Stofnfundur Félags byggingaverktaka

Fimmtudaginn 13. september sl. var haldinn stofnfundur Félags byggingaverktaka innan Samtaka iðnaðarins. Félaginu er ætlað að standa vörð um hagsmuni byggingaverktaka og mun starfsemi þess verða með svipuðum hætti og Félags jarðvinnuverktaka.

Starfsgreinahópur byggingaraðila innan Samtaka iðnaðarins hefur sinnt þessu starfi fram að þessu en með stofnun hins nýja félags er kominn nýr vettvangur fyrir stærstu verktakana til að ákveða stefnu og standa vörð um hagsmuni greinarinnar. Skilyrði fyrir inngöngu í Félag byggingaverktaka er að verktakinn sé aðili að SI og að lágmarksvelta sé um 120 milljónir á ári. Stofnendur Félags byggingaverktaka eru:

- Búlki hf.
- Byggðaverk ehf.
- Feðgar ehf.
- Fjarðarmót ehf.
- ÍAV hf.
- Ístak hf.
- Keflavíkurverktakar hf.
- Mark-Hús ehf.
- Ris ehf.
- Stoðverk ehf.
- Þ.G. Verktakar ehf.
- Sveinbjörn Sigurðsson ehf
- Ólafur og Gunnar byggingafélag ehf.

Fimm voru skipaðir í stjórn. Formaður er Loftur Árnason (ÍSTAK) en meðstjórnendur eru Róbert Trausti Árnason (Keflavíkurverktakar), Björn Bjarnason (Feðgar ehf.), Sveinbjörn Sveinbjörnsson (Sveinbjörn Sigurðsson) og Árni Ingi Stefánsson (ÍAV)

Á næstunni mun félagið halda sinn fyrsta stjórnarfund sem formaður mun boða og í kjölfarið verður gengið frá verkefna- lista fyrir næstu misseri.

*Guðmundur Þór Sigurðsson*



Mikill áhugi var á stofnfundi Félags byggingaverktaka innan SI



minna félagsmenn sína á afsláttinn sem þeir njóta hjá EJS hf.

Um er að ræða 20% afslátt af tölvum og fylgihlutum, netbúnaði, rekstrarvörum og hugbúnaði (löðrum en samningsbundnum).

Sérstakt tilboð er nú í gangi á Trend vírusvörnum og mun það gilda til 31. október 2001



**PC-cillin 2000** vírusvarnarforritið er öflug vörn fyrir heimilistölvuna. Hún ver allar þekktar inngangsleiðir fyrir vírusa. Auðveld uppfærsla tryggir að þú ert alltaf með

nýjstu útgáfu af vírusvörninni. Pakkanum fylgir eins árs áskrift að uppfærslum frá Trend Micro. Þetta er vörn sem allir ættu að vera með! Hún er hraðvirk, einföld og örugg.

**EJS býður félagsmönnum Samtaka iðnaðarins pakkann á 2.000,- kr. m.vsk.**

**NeaTSuite** er heildarlausn í vírusvörnum frá Trend Micro og þykir hún ein sú fullkomnasta á markaðnum í dag. Til þess að tryggja sem besta vörn er nauðsynlegt að velja heildarlausn, sem ver allar inngangsleiðir fyrir vírusa.

NeaTSuite inniheldur fimm einingar:

- ScanMail
- InterScan VirusWall
- ServerProtect
- OfficeScan
- TVCS



Tilboð EJS til félagsmanna felst í því að hverju keyptu leyfi af NeaTSuite fylgir eitt eintak af PC-cillin vírusvarnarforritinu fyrir heimilistölvuna. Þess má geta að 20% afsláttur er af NeaTSuite lausninni til félagsmanna.





Við höfum sérstöðu í heiminum




í hönnun og framleiðslu



mannvirkja fyrir veðurfars-



og náttúruaðstæður sem skapast




á norðlægum slóðum.



Náttúran hefur kennt okkur hvaða



kröfur skuli gerðar til mannvirkja




og við höfum lært að beisla



hreinir auðlindir hennar til að



auka lífsgæðin í landinu.



# CONSTRUCT NORTH

## HÖNNUN, TÆKNI OG MANNVIRKJAGERÐ Á NORÐURSLÓÐUM

Málþing og fagsýning 28. febrúar til 3. mars 2002

Grand Hótel Reykjavík - Laugardalshöll

Þann 28. febrúar 2002 ráðgera Samtök iðnaðarins, ásamt samstarfsaðilum, að efna til málþings á Grand Hótel Reykjavík fyrir fagfólk í mannvirkjagerð og byggingariðnaði undir yfirskriftinni **Construct North 2002 - Hönnun, tækni og mannvirkjagerð á norðurslóðum**. Í kjölfar þingsins eru fyrirhugaðir fyrirlestradagar innlendra og erlendra aðila ásamt fagsýningu í Laugardalshöll 1. til 3. mars.

**Construct North** er ætlað að verða markaðstorg og faglegur vettvangur til kynningar, skoðanaskipta, samráðs og samstarfs verkkaupa, fjárfesta og fagfólks í þessum greinum iðnaðar á norðlægum slóðum. Að baki efnistöfum og þema **Construct North** liggur m.a. stefnumótun og framtíðarsýn íslensks byggingariðnaðar sem fjölmörg fyrirtæki, félög og stofnanir á sviði mannvirkjagerðar tóku þátt í að móta.

Á málþinginu verður m.a. fjallað um möguleika innlendra framleiðenda, verktaka og hönnuða til aukins samstarfs við erlend fyrirtæki í framleiðslu og markaðsstarfi á norðurslóðum. Hugvit, hönnun og þjónusta eiga sér

engin landamæri og eru útflytningarmöguleikar Íslendinga á þeim sviðum nær óþrjótandi. Þróun stjórnunaraðferða í byggingariðnaði og innleiðing nýrrar tækni eru jafnframt á meðal málefna á dagskrá CN.

Um þessar mundir er að hefjast kynning á **Construct North 2002** en samhliða verður lögð áhersla á að kynna erlendis **Construct North 2004** - alþjóðlegt málþing og fagsýningu á Íslandi dagana 4. til 8. mars 2004.

Construct North verður haldið annað hvert ár á Íslandi en þess á milli er hugsanlegt að samstarfshópur CN taki þátt í öðrum sambærilegum viðburðum erlendis undir yfirskriftinni **We Construct North**.

Nánari upplýsingar um Construct North veita undirritaðir hjá Samtökum iðnaðarins.

  
Guðmundur Þór Sigurðsson  
byggingafræðingur SI  
Netfang [gsig@si.is](mailto:gsig@si.is)

  
Brynjar Ragnarsson  
markaðsstjóri SI  
Netfang [brynjar@si.is](mailto:brynjar@si.is)



HALLVEIGARSTÍG 1  
PÓSTHÓLF 1450  
121 REYKJAVÍK

511 5555  
FAX 511 5566  
mottaka@si.is

mannvirki.is  
constructnorth.is  
cn.is